



Akureyri 5. júní 2020

Frístundaráð Akureyrarbæjar  
c/o Kristinn J. Reimarsson  
Rósenborg  
Akureyri

### **Efni: Aðstöðumál KFA og Bogfimideild Akurs**

Stjórn ÍBA leggur þunga áherslu á að Frístundaráð leiti leiða til að leysa í eitt skipti fyrir öll þann aðstöðuvanda sem steðjar að KFA og Bogfimideild Akurs. Nú er staðan þannig að innan fjögurra vikna mun rötgróið félag, KFA, með glæsilega áratuga langa sögu eiga í engin hús að vernda. Það segir sig sjálft að með því mun starfsemi félagsins leggjast af og það væru skelfilegar fréttir fyrir íþróttalíf á Akureyri og á Íslandi. Staðan er því grafalvarlegt og krefst þess að við tökum saman höndum hið snarasta, enda hver dagur dýrmætur.

Í erindi til Frístundaráðs frá stjórn ÍBA dags. 17. október 2019 er málið rakið ítarlega og óskað eftir samvinnu félaganna, ÍBA og Frístundaráðs í ljósi þess að Austursíða 2 var komin í sölufurli.

Í framhaldinu óskaði Frístundaráð eftir frekari tillögum frá ÍBA og skilaði bandalagið af sér tillögum þess efnis að KFA og mögulega Akur fengju aðstöðu í kjallara Íþróttahallarinnar en til þess að svo mætti verða þyrfti að fara í framkvæmdir í Íþróttahöllinni og að flýta framkvæmdum að Jaðri, en GA hefur sem kunnugt er vetraraðstöðu í kjallara Íþróttahallarinnar. Frístundaráð taldi sig ekki geta unnið áfram með þessa tillögu.

Á fundi Frístundaráðs þann 25. mars var svo ítrekun á málinu frá stjórn ÍBA tekin fyrir en fært til bókar að ekki væri hægt að verða við erindinu þar sem að Akureyrarbær hefur ekkert húsnæði aflögu.

Nú er svo komið að umrædd íþróttafélög eru „á götunni“ og starf þeirra í miklu uppnámi. Vill því stjórn ÍBA hvetja Frístundaráð til að setja á fót vinnuhóp sem hefur það verkefni að leysa úr þeim bráðavanda sem upp er kominn, með tillögum til framtíðar. Mikilvægt er að finna framtíðarlausn en einnig þarf að finna skammtímalausn til að tryggja starfsemina í sumar, eða frá 1. júlí nk. ÍBA lýsir sig reiðubúið að eiga fulltrúa í slíkum vinnuhópi.

Stjórn ÍBA hefur fundað með stjórn KFA um málið og óska báðir aðilar eftir að koma á næsta fund Frístundaráðs. Meðfylgjandi eru gögn frá KFA um málið, sem tekin voru fyrir á fundi ÍBA þann 2. júní sl.

Virðingarfyllst,  
Geir Kr. Aðalsteinsson  
Formaður ÍBA